

Nr. 570.

930

7. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, aðrar en tekjutrygging, skulu hækka um 8.5% frá og með 1. nóvember 1980 frá því sem þær voru í október 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

Tekjutrygging skal hækka um 10% frá og með sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 458 frá 29. ágúst 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 571.

7. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 1200 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 3270 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gald, þ.e. kr. 600 og kr. 1635 fyrir hverja afgreiðslu.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.